

Hvar eru strákarnir?

Það eru ekki nýjar fréttir hér á landi að konur séu hlutfallslega fleiri en karlar meðal nemenda í framhalds- og háskólum og jafnframt af heildarfjölda þeirra sem útskrifast af þessum skólastigum. Á vef [Hagstofu Íslands](#) má sjá að konur í framhaldsskólum voru 53,4% skráðra nemenda haustið 2005 en karlar 46,6%. Í skólum á háskólastigi voru þessi hlutföll 62,9% og 37,1%. Munurinn á hlutfalli kvenna og karla meðal skráðra nemenda eykst því þegar á háskólastig er komið.

Nýjustu tölur um endanlegan nemendafjölda í framhaldsskólum frá Hagstofu Íslands eru fyrir haustið 2004. Þá voru konur 80% nemenda á málabrautum, 68% nemenda á listabrautum, 61% nemenda á félagsfræðibrautum, 62% nemenda á viðskipta- og hagfræðibrautum, 47% nemenda á raungreinabrautum og 12% nemenda á iðn- og tæknibrautum. Þegar skoðaðar eru tölur fyrir árið 2000 kemur t.d. í ljós að merkja má nokkra hlutfallslega fækkun frá þeim tíma til 2004 hjá konum á raungreinibrautum en nokkra fjölgun á iðn- og tæknibrautum. Hlutfall kvenna hélst svipað á málabrautum á þessu tímabili og þeim fór umtalsvert

fjölgaði á viðskipta- og hagfræðibrautum.

Konur voru 63% þeirra sem útskrifuðust með stúdentspróf skólaárið 2003/2004. Þegar skoðaðar eru tölur um brautskráningar á bóknámsbrautum til stúdentsprófs kemur í ljós að konur voru 83% útskrifaðra af málabraut, 64% af félagsfræðibraut og 59% brautskráðra af raungreinibrautum. Á sama skólaári voru konur 21% þeirra sem luku sveinsprófi.

Á háskólastigi eykst enn munur milli karla og kvenna. Hlutfall kvenna af útskrifuðum á háskólastigi var 64% skólaárið 2003/2004. Konur voru 66% þeirra sem útskrifuðust með fyrstu háskólagráðu, 57% útskrifaðra með meistargráðu og 45% þeirra sem luku doktorsprófi. Hlutfall brautskráðra kvenna var almennt mjög hátt í svokölluðum hefðbundnum kvennagreinum, eða 84% bæði í flokkum uppeldisfræði, ípróttir og kennaranám og í flokkum lækningar og heilbrigðisgreinar. Í flokkum náttúrufræði, stærðfræði voru konur 44% brautskráðra og í flokkum tæknigreinar, verkfræði 24% brautskráðra.

Aukin framlög til Háskólans á Akureyri



Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu menntamálaráðherra um að framlög til [Háskólans á Akureyri](#) verði aukin um 60 milljónir króna á þessu ári. Er 40 milljónir króna ætlað að vegna upp aukinn kostnað háskólans vegna aðstöðu í hinu nýja rannsóknarhúsi Borgum og er kostnaði skólans vegna rannsóknarhússins nú að fullu mætt. Þessu til viðbótar verður 20 milljónir króna ráðstafað á þessu ári til að koma til móts við aukinn nemendafjölda í skólanum. Á undanförmum árum hefur starfsemi Háskólans á Akureyri einkenst af hröðum vexti: námsframboð hefur aukist, nemendum fjölgað og húsnæði stækkað. Á árunum 2000-2005 fjölgaði nemendaheimildum skólans samkvæmt fjárlögum um rúm 123%. Á milli ára 2005 og 2006 var nemendaheimildum enn fjölgað í fjárlögum eða um 7,9%. Frá árinu 2000 hafa framlög til Háskólans á Akureyri samkvæmt fjárlögum verið aukin um nær 140%.

Nemendur í HA eru um 1550 og fastráðnir kennarar og annað starfsfólk eru um 170 manns. Stundakennarar eru tæplega 500. Það er stefna stjórnvalda að skólinn fái að vaxa og eflast á næstu árum og má nefna í því sambandi að skólinn mun í haust taka upp meistaranám í lögfræði í fyrsta skipti.

Móðurmál eru máttur Fjölsótt ráðstefna um nám og kennslu, stefnu og stuðning við móðurmál

Ráðstefnan [Móðurmál eru máttur](#) var haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands þann 17. mars sl. Þar sem fjallað var um álitamáli í opinberri stefnumótun, drög að aðalnámskrám í íslensku sem öðru tungumáli og hvað þarf til þess að tvítyngd börn eignist sterk móðurmál. Á ráðstefnunni var leitað svara við ýmsum áleitnum spurningum sem komið hafa upp í því fjölbreytta menningarumhverfi sem nú ríkir á Íslandi. Um 200 manns sóttu þingið, þar á meðal fjöldi foreldra tvítyngdra barna,

fræðimenn og fólk innan menntakerfisins á öllum skólastigum og fræðimenn. Steingrímur Sigurgeirsson aðstoðarmaður menntamálaráðherra sagði m.a. í [ávarpi](#) sínu á ráðstefnunni. „Í tillögu að nýrri aðalnámskrá í íslensku sem öðru tungumáli er nú í fyrsta sinn fjallað um móttöku nemenda með annað móðurmáli í grunn- og framhaldsskóla og er gerð sú krafa að skólar geri móttökuáætlun í samræmi við viðmiðanir sem settar eru í námskrá. Einnig er í nýrri aðalnámskrá ákveðnar fjallað um gildi móðurmáls og mikilvægi þess að foreldrar séu hvattir til að rækta og varðveita eigið móðurmál og tengsl við upprunamenningu, samhlíða íslenskunáminu. Ekki eru sett ákvæði um sérstaka móðurmálskennslu en hvatt er til slíkrar kennslu og leitað leiða til að styrkja móðurmálsþáttinn, m.a. með fjarkennslu og mati á móðurmálskunnáttu sem hluta af námi á grunn- og framhaldsskólastigi.“

Dr. Elín Þóll Þórðardóttir, dósent við [McGill University](#) var aðalfyrirlesari á ráðstefnunni og hét fyrirlestur hennar *Tvítyngi er hið besta mál þegar málin styrkja hvort annað*. Í erindi hennar kom fram að ríkjandi stefnur í málum tvítyngdra barna hafi löngum einkenst af nokkrum ótta við tvítyngi. Margar kennsluáðferðir ganga út frá því að það sé erfiðara að læra tvö mál en eitt, og að sérstakra ráðstafana sé þörf til þess að það takist. Þannig er oft leitast við að hjálpa tvítyngdum börnum með því að stuðla að skýrum aðskilnaði milli málanna, eða með því að stuðla að því að barnið noti eingöngu annað málið. Í mörgum tilfellum leiðir slík stefna til þess að börnum fer aftur í móðurmáli sínu eða að þau hætta að tala það. Rannsóknir á máltöku tvítyngdra barna benda hins vegar til þess að tvítyngi sé á færi allra barna sé þeim búið gott umhverfi til þess.

Nánari upplýsingar er að finna á simennt.khi.is/modurmál

Ráðstefnan [Móðurmál eru máttur](#) er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytis, [Háskóla Íslands](#), [Kennaraháskóla Íslands](#), [Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða](#), [Alþjóðahúss](#), [Fjölmenningarseturs](#), [Móðurmáls - Félags um móðurmálskennslu tvítyngdra barna](#), [Samskiptamiðstöðvar heyrnarlaustra og heyrnarskertra](#), [Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra](#) og [Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur](#).

Samningur um stofnun og rekstur Þekkingarnets Austurlands

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra undirrituðu þann 16. mars sl. samning vegna þróunarverkefnis um stofnun og rekstur Þekkingarnets Austurlands. Fyrir hönd [Fræðslunets Austurlands](#) (FNA) undirritaði Þorvaldur Jóhannsson samninginn. Samningur um Þekkingarnetið er til fjögurra ára en helstu verkefni FNA verða:

- Að vera tengiliður íbúa Austurlands við háskóla- og rannsóknarstofnanir innanlands sem utan með því að bjóða upp á góða aðstöðu fyrir fjarnám og greiða götu námsmanna á Austurlandi til fjarnáms og staðbundins náms eftir því sem aðstæður leyfa.
- Að vera tengiliður háskóla- og rannsóknarstofnana innanlands sem utan við Austurland og efla samstarf með það að markmiði að auka umfang rannsókna og kennslu á svæðinu.
- Að vera vettvangur nýsköpunar og þróunar í náinni samvinnu við atvinnulíf.
- Að annast þjónustu og vera í samstarfi við atvinnulíf, einstaklinga og framhaldsskóla um sí- og endurmenntun.
- Að byggja upp þjónustu og ráðgjöf við aðila er stunda rannsóknir á svæðinu og vinna náði með þeim þekkingarsetrum sem til staðar eru.
- Að vera tengiliður milli rannsóknarstofnana og fyrirtækja á Austurlandi og hafa frumkvæði að tengingu þessara aðila með sameiginlegum rannsóknarverkefnum sem miða að aukinni sérþekkingu á svæðinu.

Samkvæmt samningnum mun Fræðslunet Austurlands endurskipuleggja starfsemi sína og sameina starfsemi FNA og Háskólanámssetursins á Egilsstöðum eigi síðan en 1. október 2006.

